

Fundargerð aðalstjórnar Gróttu 7.nóv 2011

Haldinn í Hátíðarsal Gróttu

Mættir:

Haraldur Eyvinds

Hilmar Sigurðsson

Kristín Finnbogadóttir

Guðrún Kaldal

Eiríkur Elís Þorláksson

Andri Sigfússon

Guðjón Norðfjörð

Björg Fenger

Unnur Halldórsdóttir - forföll

Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir - forföll

Óskar Hrafn Þorvaldsson

Fundur settur kl. 20:02

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda
2. Fjárhagsáætlanir – ÍTS fundur
3. Önnur mál

1. HEP bauð Óskar Hrafn velkominn í aðalstjórn Gróttu og væntir mikils af hans setu þar

2. Yfirlit deilda

Handknattleiksdeild

Meistaraflokkarnir eru á botninum í N1-deildinni sem stendur. Mikilvægar fjáraflanir hjá deildinni framundan og ber þar hæst Herrakvöldið sem verður haldið 19.nóvember nk. Skötuveislan verður í desember. Eftir þriggja ára setu sem formaður handknattleiksdeildar mun EEP ekki gefa kost á sér áfram. Hjá yngri flokkunum er starfið á fullu. Séræfingar verða með öðru sniði en áður og markmannsþjálfun er í fastari skorðum. Fyrsta mót deildarinnar er á næsta leiti. BF tilkynnti ennfremur að hún mun ekki gefa kost á sér áfram eftir aðalfund í vor.

Knattspyrnudeild

Búið er að ráða alla þjálfara og sjaldan hafa þjálfarastöðurnar verið eins vel mannaðar. Verið er að vinna í að semja við leikmenn. Foreldraráð eru komin í vel-flestum flokkum. Verið að athuga hug foreldra á utanlandsferðum. HS spurði aðalstjórn hvort aldursviðmiðin væru reglur eða viðmið.

Fimleikadeild

Frestað til næsta fundar

3. Fjárhagsáætlanir – ÍTS fundur

HEP og GN fóru á ÍTS fund í seinustu viku þar sem fjárhagsáætlanir félagsins voru kynntar og GN kynnti greinargerð sem hann lét fylgja áætlununum. Samningurinn við Íslandsbanka rennur út næsta sumar og framundan verður að ganga til borðs með bankanum.

4. Önnur mál

a. Foreldraráð – fundur

Fundað verður með foreldraráðum allra deilda um leið og búið verður að stofna ráðin. Um verður að ræða upplýsingafund fyrir ráðin.

b. Fundur með þjálfurum / stjórnnum / foreldrum

Fundurinn verður í byrjun nýs árs. Farið verður yfir nýja félagslega stefnu Gróttu, „Framtíðina“ ásamt öðrum áhugaverðum fyrirlestrum.

c. Þorrablót

Knattspyrnudeildin verður með Þorrablótíð þetta árið. AS var beðinn um að hafa samband við Veisluna og athuga með dagsetningu.

d. Starfslýsing íþróttafulltrúa

Verið er að fara yfir starfslýsingar starfsmanna Gróttu og var farið yfir starfslýsingu framkvæmdastjóra í fyrra. Formenn deilda eru beðnir um að koma með athugasemdir ef einhverjar eru.

e. Hljóðkerfi – ÍTS

Grótta sendi inn beiðni til ÍTS um styrk á hljóðkerfi í hátíðarsalnum. ÍTS mun styrkja félagið sem nemur 250.000 kr.

f. Lottó

HeP fór á 10.fundinn með aðildafélögum UMSK. Breytingar eru á döfinni sem snúa allar þannig að Grótta mun fá stærri hlut af Lottó-köku UMSK.

g. Sjálfbóðaliðar

ÓHP var fenginn í það verkefni að skoða hvernig virkja megi sjálfbóðaliða betur innan Gróttu

h. Myndavél – plöstin

Grótta keypti nýja upptökumyndavél í vikunni eftir að hin vélin hafði verið úrskurðu ónýtt. AS ítrekaði við deildir að gæta vélarinnar og fara vel með hana. Einnig var keypt plöstin.

Fundi slitið kl. 20:58